



Einar J. Ólafsson

Bjarni Benediktsson – Einar J. Ólafsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 30 sept. 1942

Háttv. herra Borgarstjóri Bjarni Benediktsson

Reykjavík,

Að sjálfsögðu á maður ekki að bera áhyggjur fyrir morgundeginum, en þannig er það nú samt. að ég er ekki laus við slíkar áhyggjur fyrir komandi vetri, og í tilefni af því afreð ég loxins, mér til hugarléttis, að skrifa yður herr. borgarstjóri og tjá yður aðal ástæðuna er þessu veldur.

Eins og yður er kunnugt, að í þessum bæ eru fjöldi margir eldri húsráðendur sem lagt hafa aleigu sína, auk mikils láns fjár, í hús, með það í huga að geta dreigið fram lífið, með því er eignir þeirra gefu þeim í aðra hönd, án þess að leita aðstoðar hins Ópinbera, er aldurinn ferðist yfir, og mörgum mun hafa þannig tekist að vera sjálfst. og standa á eigin fótum, til hins síðasta, enda ekki reiknað með, því, að heimta neitt af öðrum, flest þetta fólk, ef ekki allt, hefir einnig verið fast heldið á skoðun sinni og stefnu í þjóðmálum, enda fylgt fast eftir þeim stjórnmálaflokkinum er þeir talið hafa til þessa, að stefnt hafi að lýðræði og jafnrétti í þjóðfélaginu, þ. e. Sjálfstæðisflokknum, Nú virðast þessir menn og konur, sem öllum öðrum fremur hafa til þessa sýnt- þann þroska í þegnskap á viðsjárverðustu tímum sem yfir þjóðina hafa komið, séu neiddir til að hverfa frá stefnu sinni með öllu, enda þótt það virðist nokkuð hart að göngu, með því að Ríkisstjórnin öll, og meiri hluti Bjarstjórn- ar, eru skipaðar flokksmönnum þess fólks er hér á hlut að máli, og studdir af því. Mig minnir að hafa séð þess getið, að þér hr. borgarstjóri, hafið á fundi ungra sjálfstæðis manna 20 þ. m. hvatt til dáðriks starfs í kosningum þeim er nú fara í hönd, á því mun sýst vanþörf nú á tímum, en er það fullnæg- andi? eiga þeir eldri, sem að þeim yngri standa, ekki skilið þá hvatningu að þeir ekki séu hinu sárasta misrétti beittir, af því eru hinir yngri sjálfst. menn og konur, að þeir eru afkomendur sterkra og stöðugra sjálfstæðra forel-

dra, því rotíð tré, getur ekki borið góðan ávöxt, né gott tré sléman, og eins og hver grein er föst á sinum stofni, og mundi fylgjast með, þótt hann rifinn yrði upp af rót sinni, gæti svo einnig farið með hina ýngri sjálfsteðis menn að þeir láti sig ekki einu gilda um afkomu foreldra sinna og annara venzlamanna sem fyrir óréttinum verða heldur fylgi þeim eftir að málum, eins og áður á hvaða a, leiðir sem vera skal og hvort sem þeim fellur það betur eða ver, að hverfa um yrðalaust frá þeirri stefnu er þeir hafa trúað á.

Húsaleigulögin. Hr. forsætisráðherra Ólafur Thórs gat þess í greinargerð sinni í Morgunblaðinu nýverið, um gerðard. lög m. m. ^{ad} húsaleigulögin hefðu komið að miklu gagni, þettað kom úr þeirri áttinni er við sýst höfðum vænst, ~~xxx~~, kom það því illa við okkur sem við þessi lög höfum átt að búa undanfarandi ár, okkur hafði í útvarps umræðum þeim er fram fóru fyrir Bæjarstjórnarkesningarnar síðast, og einnig verkstjórnarnar, ^{skilist} að hinir flokkarnir jafnvel allir þrír keptust um að eigna sér þetta afkvæmi, og var það að vonum, hins vegar benda orð herra forsætisráðherra á að hann, né þingmannanna flokkur hans, hafi ekki verið mótfallin því að það kæmist klakklaust í heiminn, hinsvegar lá opin leið til að leggja það í sömu gröfina og gerðadóms lög, með því líkælað skikt var ástatt á báðar hliðar.

Þar sem ég er einn þeirra ófosjálu, að hafa bygt hús fyrir fleiri en sjálfan mig og hefi þannig kynst, bæði af eigin reynslu og margra þeirra sem eins er ástatt fyrir, einnig hefi ég kynnst skoðunum þeirra sem húsneðislausir hafa verið, og báðum aðilum borið saman um að húsaleigulögin eins og þau en þá eru, og framkv. hafa verið séu til hins mesta ógagns og örðugleika, á báðar hliðar, Hinn mikli fjölskyldu aðflutningur í bæinn, eru í beinu sambandi við hinn lága grunn texta húsaleigunnar, þetta fólk hefir tekið húsplássið frá bæjarbúum með því að bjóða eitthvað hærri leigu en húsal. l. heimila, en í stað þess verða heima menn, að borga nú djafnvel tvöfalt verð á móti því sem þeir annars hefðu getað fengið það húsneði er ólöglega var frá þeim tekið, auk margs annars, umstánga og erviðleika og auka kostnaðar, og þettað veru þessi lög ekki jafn ó sanngjörn gegn húseigendum, veri ekki um húsneðis vadræði að ræða, nema

að litlu leiti, meðal annars það, að fólk sem feingið hefir staðfast loferð fyrir húsplássi, ef það feingist laust undan Öörum Þeim (sem ekki er í húsi hafandi fyrir drykkjusvalli og Öörum leiðum háttum í allri framkomu) verða svo að býða eptir úrskurði húsal. nefndar til síðustu stundar, jafnvel framtífr lögl. flutningsdag, og er þá venjulegast kyrsetning, en vonbtygði hins er beið úrslita. Þannig hefir fólk feingið hina mestu skömm á húsaleigulögum þessum, enda telja þau álika óhagstæð fyrir báða aðila.

Hins vegar er það flestum vitanlegt sem þennan bæ byggja, og þá ekki ást borgarstjóranum okkar, að frá ár 1934 fór húsaleiga hér í Reykjavík smámsaman lakkandi og á síðust árunum fyrir stríð, var framþeðið erðið það mikið, á móti eptirspurn um húsneði, að fjöldi íbúða stóð tómt mánuðum, og jafnvel árum saman, á þann hátt hafði húsaleigan lækkað um 25-40 % og til þess að komast hjá því að láta húsin standa tómt, unneiddist fólk til að taka hvaða leigjanda sem bauðst, þannig, var leigan komin langt niður fyrir sannvirði, er húsal. lögin voru sett, og komu til framkvæmda, þessi lága leiga mun svo í flestum tilfellum verið hafa notuð sem grunnleiga (nema þar sem húsal. n. hefir hefir enþá leyft sér að lakkaleiguna) og þannig stendur þetta í sömu niðurlægingunni en í dag, auk hinnar litlu viðhaldskostnaðar vísit. hækkunar, sem þó einganvegin er sambæril. við hækkunina, og kem ekki til greina fyr en í okt. í fyrra.

Hins vegar fyrirfinst eingin sú vöruteg. hvorki erlend né innlend, sem ekki hefir hækkað frá sama tíma frá 100 - 400 % (hér er aðeins átt við matvöruteg.) og verður það um 300% að meðaltali og samsvarar það því, að við sem ekkert höfum við að stiðjast annað en húsaleiguna fáum aðeins kr. 25.00- tuttugu og fimm krónur nú fyrir húspláss það er áður kostaði kr. 100.00 Þegar lægst var leigan, orðin og full örugt var þó með afkomu mögugleikana, ofaná þettað er þett stórkostlega hækkuðum sköttum' og af manni tekin umráðarétturinn xxx yfir þessum eignum manns, þettað skeður nú samtímis, og allar aðrar stettir Þjóðfélagsins, fá sinum kröfum framgeingt, jafnvel hversu Þjóðhættulegar sem þar kunna að reinast, og undir handleiðslu þeirra manna er mest og bezt, viðast berjast fyrir lýðræðinu og jafnréttis hugsjóninni. Af þessu leiðir að ýmsir húseigendur, hafa

neiðst til þess, að selja eignir sínar, til þeirra manna er tekjur hafa af annari atvinnugrein, en húsaleigunni einni saman.

Og með því að þannig er ástatt með margan húsráðandan, er að framan getur, hlýtur hverjum rétt hugsandi manni, að vera það ljóst, hversu ervitt muni verða fyrir margan að uppfylla þær kröfur bæði lánsstefnana, ríkis, og bæjar, sem krafist er með réttu af þessu undirkaða fólki, þótt ekki væri á það blett að óþörfu, þ.e. með fasteignamatshækkun, tilgáangslausri, til annars en skattahækkunar, bæði það, og húsaleigulögin, eiga eftir að gjöra það ógagn, sem valdhafarnir virðast ekki hafa reiknað með, er þeir á sumar þinginu, hverki breyttu þeim í réttlátara horf, né feldu þau niður, enda þótt það legi opið fyrir að samþykkt yrði af 3. flokkum þingmanna, það liggur því ⁱ leptinu, að afleiðingar, þess muni fram koma á þeim tíma, er vest gegnir, á líkan máta og gerðardómslögin ársínum tíma. Leiddu í ljós, ekki er það þannig að ég, né mitt venslafólk nuni setja heimaþannni skókt. of margir munu það verða samt, verði ekkert að gert til að koma í veg fyrir það.

Ekki er það þannig, að ég telji það yðar verk að fella lögin niður, heldur hitt að þér sem eðsta vald Reykjavíkur, beittuð áhrifum yðar til þess að húseigendur fái náð rétti sínum til jöfnunar við aðra hér í höfuðberginni.

Svo með ég yður herra Borgarstjóri, mikillega afsökunar á þeirri dyrfösku minni að skrifa yður þessar hugrenningar minar.

Með berztu óskum.

Virðingarfyllt.

Einar J. Ólafsson